

Ed. 312. Breytingartillögur [196. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 10/1960, um söluskatt, með síðari breytingum.

Frá Svavari Gestssyni.

1. Við 2. gr. Við greinina bætist: þó ekki af matvörum.

Varatillaga:

Við greinina bætist: Fjármálaráðherra skal endurgreiða innheimtan söluskatt af: 1) af mjólk og mjólkurafurðum, 2) kjötvörum, 3) grænmeti sem framleitt er innan lands.

2. Við 4. gr.

- a. Við 13. tölul. Á eftir orðinu „loðkanínurækt“ komi: garðyrkju.

- b. Við bætast fjórir nýir liðir er orðist svo:

21. Aðgangseyri að gufubaðstofum, nuddstofum og ljósastofum.

22. Aðgangseyri að heilsuræktarstofum.

23. Aðgangseyri að útisamkomum.

24. Aðgangseyri að íslenskum kvikmyndum.

Varatillaga (23. liður):

Við 4. gr. bætist ný málsgrein er orðist svo:

Fjármálaráðherra skal endurgreiða í Kvikmyndasjóð þann söluskatt sem lagður er á aðgangseyri að íslenskum kvikmyndum.